

Minnisblað

Tilvísun: Vindmyllugarður Garpsdal Tilvísun verkkaupa: 06.08.2019
Til: EM Orka
Ríkarður Örn Ragnarsson

Efni: **Skoðun á mögulegum strengleiðum frá vindmyllugarði í Garpsdal að tengivirki í Geiradal**

Undirritaður fór ásamt Ríkarði Erni Ragnarssyni frá verkkaupa til að skoða mögulegar strengleiðir fyrir háspennukapla frá vindmyllugarði efst í Garpsdal að Tengivirki í Geiradal.

Byrjað var á að keyra inn í Geiradal ásamt Hafliða Ólafssyni til að skoða mögulega staði til að komast neðsta hluta leiðarinnar og virtust þrír staðir koma helst til greina. Því næst var farið upp á Garpsdalsfjall og skoðaðir mögulegir staðir að komast niður af efstu brún. Mögulegt er að komast niður af efstu brún á nokkrum stöðum en flestir voru frekar brattir og ógreiðfærir þannig að við val á leið væri í öllum tilvikum farið niður af efstu brún á sama stað innarlega í Geiradal (Punktur GSP04): Við innmælingu á staðsetningu var notað GPSmap 60CSx handtæki frá Garmin.

1. Leið 1 liggur niður á efsta stallinn innarlega í Bakkadal um 1,9 km leið, þaðan liggur leiðin um 2,2 km suðvestur efsta stallinn sem er með móagróðri og melablettum og þverar nokkra litla læki, þaðan niður á næstefsta stallinn meðfram læk sem rennur úr vatni á efsta stallinum. Leiðin liggur um 1,1 km eftir næstefsta pallinum sem er nokkuð gróinn með móa og grýtta mela. Af næst efsta pallinum er farið niður talsvert bratta gróna brekku niður á pall um 1,5 km leið sem er að hluta til með fífusvæðum sem benda til blautra svæða. Þá er tekin beygja sem þarf líklega að fara niður brekku með skeringu niður á um 0,85 km langan hallandi gróinn stall inn dalinn aftur til norðausturs þar sem beygt er til vesturs niður hlíðina um 0,25 km leið og áfram yfir dalinn og ána um 0,2 km leið að núverandi vegi inn dalinn. Veginum er að lokum fylgt um 2,7 km leið að núverandi tengivirki í Geiradal. Heildarvegalengd er um 10,1 km lárétt lengd.
2. Leið 2 liggur niður á efsta stallinn innarlega í Bakkadal um 1,9 km leið þaðan þverar leiðin Bakkadal og Bakkaá innarlega í Bakkadal um 0,9 km lengd. Talsverður bratti er niður að ánni að suðaustanverðu í gróinni brekku og þar þarf líklega að gera skeringu niður á flatann við ána. Þegar komið er yfir ána liggur leiðin um aflíðandi brekku og yfir nokkra frekar litla læki um 2 km leið þar til fer að halla niður aftur. Leiðin liggur svo suðvestur botn dalsins, norðvestantil í honum um 1,4 km leið að vegi sem liggur eftir dalnum og veginum fylgt að núverandi tengivirki í Geiradal um 3 km leið. Heildarvegalengd um 9,3 km lárétt lengd.

Kostur við þessa leið er að hún fylgir vegi í Bakkadal/Geiradal um 3 km lengd og það eru fáar og stuttar skeringar sem ættu ekki að vera áberandi í landslaginu. Ókostur er að hún liggur frekar nálægt fossaröð í Bakkaá.

3. Leið 3 fylgir sömu leið og leið 1 í byrjun og liggur niður á efsta stallinn innarlega í Bakkadal um 1,9 km leið, þaðan liggur leiðin um 2,2 km suðvestur efsta stallinn sem er með móagróðri og melablettum og þverar nokkra litla læki, þaðan niður á næstefsta stallinn meðfram læk sem rennur úr vatni á efsta stallinum. Leiðin liggur um 1,1 km eftir næstefsta pallinum sem er nokkuð gróinn með móa og grýtta mela. Af næst efsta pallinum er farið niður talsvert bratta gróna brekku niður á pall um 1,5 km leið sem er að hluta til með fífusvæðum sem benda til blautra svæða. Í stað þess að beygja niður eins og leið 1 er haldið áfram eftir stallinum um 1,5 km leið áður en beygt er niður hlíðina. Líklega þarf að gera skeringu niður hlíðina um 0,3 km leið niður gróna brekku. Þaðan er dalurinn svo þveraður um 0,9 km leið og reynt að þræða á milli túna ofan í lægð ef hægt er en mögulega þarf að fylgja útmörkum túna. Hér þarf að skoða hvort þurfi að þvera ána þegar komið er að henni eða hvort hægt sé að nýta brú yfir hana til að koma strengjum yfir ána. Heildarlengd 9,4 km lárétt lengd.

Leið eitt og tvö eru líklega bestu kostirnir, þó þyrfti að skoða leið 2 betur frá vegi og inn að þar sem hún þverar Bakkaá, brattur kafli er á leið 2 þar sem farið er niður að Bakkaá að austanverðu.

Leið 1 er um 1 km lengri en leið 2 og 3 með fáum bröttum köflum sem þó er hægt að komast með skeringum.

Leið 3 er síst þar sem talsverður bratti (með skeringum) er niður neðsta hluta leiðarinnar niður í dalinn og þann part þyrfti að skoða betur.

Meðfylgjandi tafla sýnir lengd á hverri strengleið sem lendir innan jarðamarka Garpsdals, Bakka og Valshamars miðað við gefinn byrjunarpunkt sem getur breyst. Notast var við vefsíðu Orkustofnunar (map.is/os/) til að finna staðsetningu jarðamarka.

Tafla 1. Vegalengdir strengleiða innan hverrar jarðar

Leið/route	Jörð/Property	Lengd/Legth km	Leið/route	Jörð/Property	Lengd/Legth km	Leið/route	Jörð/Property	Lengd/Legth km
1	Garpsdalur	1.76	2	Garpsdalur	1.76	3	Garpsdalur	1.76
	Bakki	5.75		Bakki	1.2		Bakki	7.5
	Valshamar	2.6		Valshamar	6.35		Valshamar	0.13
Sum:		10.1	Sum:		9.3	Sum:		9.4


Virðingarfyllt,

Haraldur Hallsteinsson

Jarðfræðingur

Afrit:

Meðfylgjandi er yfirlitskort og myndir í viðauka.



Tengivirki/
Switching station

Leið 1 og 2/
Route 1 and 2

Leið/Route 2

Leið/Route 3

Leið 1 og 3
Route 1 and 3

Leið 1

● XXX

Hnitpunktur/measurement point

—————

Líkleg strenglegja/possible route

—————

Útmörk svæðis líklegrar strenglegu/
Outer limit of possible route

100 0 100 200 300 400 500 m
SCALE



Geiradalur

Bakkaá

Bakkadalur

Bakkaá

Fossar í Bakkaá/
Waterfalls in Bakkaá

Vindmyllur

GSP03

GSP02

GSP01

GSP05

GSP04

GSP05

376

375

374

373

368

367

365

363

366

364

362


361

358

356

355

1. Myndir



Mynd 1 Punktur GSP04, horft niður í Bakkadal frá efstu brún þar sem best er að fara niður í dalinn og í raun eini staðurinn þar sem raunhæft er að fara niður.



Mynd 2. Punktur GSP05, horft í átt að Bakkaá eftir strengleið 2.



Mynd 3. Punktur GSP06, horft í austur að Garpsdalsfjalli eftir strengleið 2.



Mynd 4 Punktur 355, horft í vestur að Bakkaá eftir strengleið 2.



Mynd 5 Punktur 356, horft í suðvestur eftir brattri brekku sem liggur niður að Bakkaá, líkleg lega strengleiðar 2, hér gæti þurft að gera skeringu fyrir strengleiðinni.



Mynd 6. Punktur 356, horft til norðausturs eftir brekku, strengleið 2.



Mynd 7 Horft frá punkti 361 vestur yfir Bakkaá, líkleg lega strengleiðar 2.



Mynd 8 Horft frá punkti 361 vestur yfir Bakkaá, líkleg lega strengleiðar 2.



Mynd 9 Horft frá punkti 361 vestur yfir Bakkaá, líkleg lega strengleiðar 2.



Mynd 10 Horft frá punkti 366 vestur yfir Bakkaá, líkleg lega strengleiðar 2.



Mynd 11 Horft frá punkti 366 vestur yfir Bakkaá, líkleg lega strengleiðar 2.



Mynd 12 Horft frá punkti 366 vestur yfir Bakkaá, líkleg lega strengleiðar 2.




Mynd 13 Punktur GSP05, horft suðvestur eftir efstu pöllunum, leið 1 og 3 liggja eftir næst efsta pallinum.



Mynd 14 Punktur 362, horft til norðausturs eftir strengleiðum 1 og 3.




Mynd 15 Punktur 362, horft til suðvesturs eftir strengleiðum 1 og 3.



Mynd 16 Punktur 363, horft til norðausturs eftir strengleiðum 1 og 3.



Mynd 17 Punktur 363, horft til suðvesturs eftir strengleiðum 1 og 3.



Mynd 18 Punktur 364, hér þarf að fara niður lítt gróna brekku á næsta stall.




Mynd 19 Punktur 365, lækur þveraður strengleiðir 1 og 3.



Mynd 20 Punktur 365, horft til suðvesturs eftir strengleiðum 1 og 3.



Mynd 21 Punktur 366, horft til suðvesturs eftir strengleiðum 1 og 3 yfir gróið frekar blautt svæði þar sem fífan vex.



Mynd 22 Punktur 367, horft til norðausturs eftir strengleiðum 1 og 3, hér er farið niður gróðri vaxna brekku.



Mynd 23 Punktur 367, horft til suðvesturs eftir strengleiðum 1 og 3, hér er farið niður gróðri vaxna brekku, nokkuð bratta og gæti þurft að gera einhverja skeringu.



Mynd 24 Punktur 374, horft til norðausturs eftir strengleið 1 og 3.



Mynd 25 Punktur 374, horft til suðvesturs eftir strengleið 1 og 3.



Mynd 26 Punktur 376, horft til suðurs eftir strengleið 1.



Mynd 27 Punktur 376, horft til norðurs og norðvesturs eftir strengleið 1, hér gæti þurft að gera skeringu til að komast niður í dalinn.



Mynd 28 horft að áætlaðri leið 1 niður í Bakkadal/Geiradal